



Afrekssjóður íþróttaráðs

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður íþróttaráðs Kópavogs og er stofnaður af Kópavogsbæ 1999. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjanesi.

2. gr.

Markmið sjóðsins eru:

- Að veita afreksíþróttafólki í íþróttafélögum í Kópavogi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni, og þannig búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
- Að veita afreksíþróttafólki styrk sem á lögheimili í Kópavogi en getur ekki stundað sína íþrótt í bæjarfélaginu.

3. gr.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum íþróttaráðs. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar og hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið.

4. gr.

Viðmið styrkveitinga

Við styrkveitingar til afreksíþróttafólks skal taka mið af eftirfarandi:

- Árangri á innlendum og erlendum vettvangi.
 - Markmiðum og áætlunum um æfingar og/eða þátttöku í keppnum innanlands og erlendis.
 - Unnum titlum í íþróttum á árinu.
- Nánari skilgreiningar á viðmiðum koma fram í viðauka með reglugerðinni.

5. gr.

Umsóknir um styrki

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári og skulu þær berast á rafrænu formi.

Umsóknir um styrki:

- Vegna einstaklinga skal umsókn vera í nafni viðkomandi íþróttamanns.
- Vegna hópíþróttá skulu umsóknir vera í nafni viðkomandi íþróttaflokks/-hóps.
- Umsækjendur skulu ekki vera yngri en 16 ára, nema viðkomandi sé í A-landslíði.

Með umsóknum skulu fylgja:

- Áætlanir um æfingar og fyrirhugaða þátttöku í keppnum og markmiðum íþróttamannsins.



- II. Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppna.
- III. Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.
Stjórn Afrekssjóðs skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast.

6. gr.
Greiðsla styrkja

Styrkir greiðast í einu lagi þegar ákvörðun liggur fyrir. Styrkupp hæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

7. gr.
Skyldur styrkþega

Allt íþróttafólk sem þiggur styrk úr afrekssjóði íþróttaráðs skal hlíta þeim reglum sem Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttafólks innan vallar sem utan.

8. gr.
Tekjur sjóðsins

Árlegt framlag úr bæjarsjóði Kópavogs samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

9. gr.
Gildistími

Reglugerðin er samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs 20. desember 1999 og var endurskoðuð 2023. Endurskoða skal reglugerðina árlega.

Samþykkt í íþróttaráði Kópavogs 30. ágúst 2023
Samþykkt í bæjarráði Kópavogs 7. september 2023